

um friðun Faxaflóa.

Flm.: Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða með reglugerð samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, að Faxaflói allur, innan línu, sem dregin er frá Reykjanesi í Geirfluglasker og þaðan að Öndverðanesi, verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var samþykkt þingsályktunartillaga um þetta efni, en með nokkuð öðru og óákveðnara orðalagi en nú er í tillögunni. Varð það þá ofan á við endanlega afgreiðslu tillögunnar að haga orðalagi hennar svo sem gert var með hliðsjón af því, að alllangt var þá enn í land um það, að út rynni samningur sá, sem Danir gerðu að Íslendingum forspurðum um aldamótin síðustu við Englendinga um fiskveiðaréttindi þeirra hér við land. Samningi þessum hefur, svo sem kunnugt er, verið sagt upp af hálfu Íslendinga, og fellur hann úr gildi á miðju næsta ári. Með afnámi samnings þessa, sem verið hefur fjötur um fót Íslendinga nú um hálfra aldar skeið, er stigið merkilegt og þýðingarmikið spor. Er þá ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðin verði með reglugerð, sem sett er á grundvelli þeirra laga, sem til er vitnað í meginmáli tillögunnar, nauðsynleg verndun fiskimiða við strendur landsins, og tekur sú ákvörðun jafnt til allra erlendra þjóða, er fiskveiðar stunda hér við land.

Fer hér á eftir greinargerð sú, er fylgdi tillögu þeirri, sem flutt var á síðasta þingi. Hefur aðstaðan hér að engu breytt, nema hvað það kemur æ skýrara og skýrara í ljós með hverju árinu, sem líður, að brýn og óhjákvæmileg þörf er á aukinni friðun.

„Það dylst engum nú orðið, hver vá er fyrir dyrum hjá Íslendingum af völdum hinna gegndarlausu botnvörpu- og dragnótaveiða á fiskimiðunum við strendur landsins. Þátttaka Íslendinga í botnvörpu- og dragnótaveiðum hefur verið aukin hin síðari ár, en það, sem mestu máli skiptir þó í þessu sambandi, er hin stórauðna aðsókn erlendra botnvörpuskipa á fiskimiðin hér. Með hverju árinu, sem líður, fjölga þessum erlendu fiskiskipum við strendur landsins. Skipin stækka og afköst þeirra við veiðarnar vaxa að sama skapi. Allt stefnir þetta til þeirrar rányrkju á miðunum, að til auðnar horfir áður en varir, ef þar verður eigi komið vörnum við. Eru dæmin um það deginum ljósari, að línuveiðar bátaflotans gefa með hverju árinu, sem líður, lakari og lakari raun á þeim svæðum, þar sem mest er örtröðin vegna botnvörpuveiðanna. Á fiskimiðunum í Faxaflóa þjarma botnvörpungarnir að bátaflotanum með tvennum hætti: eyðingu fisksins, þegar þeir í stórum hópum, stundum svo hundruðum skiptir, draga vörpur sínar hlið við hlið um allt veiðisvæðið, meðan nokkra bröndu er þar að fá, og hinu, að bátarnir verða af völdum togaranna oft og löngum fyrir stórfelldu veiðarfæratjóni.

Á yfirstandandi vetrarvertíð stunda 115 línubátar fiskveiðar frá verstöðvunum við Faxaflóa, samanlagt um 6753 brúttó rúmlestir að stærð. Má af þessu ráða, hve bátaútvegurinn við Faxaflóa er stór og veigamikill þáttur í fiskveiðum Íslendinga. Er það því mikið áfall, þegar fiskveiðar bregðast í flóanum.

Það orkar ekki tvímælis, að aflatregðan í Faxaflóa á rót sína að rekja til skefjalausra botnvörpu- og dragnótaveiða á þessum slóðum. Í Faxaflóa eru víðáttumiklar klakstöðvar, og þar eru enn fremur einhverjar þýðingarmestu uppeldisstöðvar nytjafiska. Fiskgengd er því ávallt mikil í flóanum, enda viðurkennt að fornu og nýju, að þar séu einhver fiskisælustu mið við strendur þessa lands.

Friðun Faxaflóa fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum er því óneitanlega mjög þýðingarmikill þáttur í þeirri sjálfsbjargarviðleitni Íslendinga að koma í veg fyrir hóflausa rányrkju á fiskimiðunum með aukinni friðun til verndunar fiskstofninum og því til öryggis og tryggingar, að fiskveiðar hér geti í framtíðinni orðið Íslendingum lífvænlegur atvinnuvegur. Óhjákvæmilegt er, að Íslendingar hefjist nú handa um það af alefli, að komið verði í framkvæmd ráðstöfunum um verndun fiskstofnsins og aukið olnbogarúm Íslendinga sjálfra á sínum heimamiðum með sem víðtækastri stækkun landhelginnar. Tekur þessi nauðsyn einnig til sildveiðanna, svo mjög sem erlendir sildveiðimenn þrengja nú orðið kosti Íslendinga á höfuðstöðvum þeirra veiða.“